



# Breytingar á reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

Kynning til deilda  
10.apríl, 2017



## Breytingar/viðbætur á reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

1. Kafli II. Ættbókarskráning hvolpa.
2. Kafli III. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsbækur
3. Kafli VI. Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr. Tillögur vísindanefndar að viðbótum við reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ
  1. Bann við notkun hunda með útilokandi galla
  2. Bann við pörun tveggja merle hunda



## Breytingar í köflum II. og III.

- Tillögur byggðar á fyrirmynd frá SKK (Sænska hundaræktarfélaginu) og FKK (Finnska hundaræktarfélaginu) og gilda þær í almennum skráningarreglum þeirra félaga.
- Umsagnir fengnar frá siðanefnd, vísindanefnd og ræktunar- og staðlanefnd. Breytingar í kafla VI. voru samkvæmt tillögu frá Vísindanefnd.
- Eftir að umsagnir ofangreindra ásamt samþykki þeirra bárust voru breytingar lagðar fyrir stjórn til samþykktar og samþykkti stjórn þær þann 6. apríl 2017.
- Breyttar reglur í köflum I og II taka gildi þann 1. júlí 2017.



## Kafla II. - viðbót

Í kafla II, Ættbókarskráning hvolpa, bætist við lið 2 eftirfarandi (viðbót skásett og feitletruð):

2. Einungis ræktanda er heimilt að sækja um ættbókarskráningu hvolpa. Með ræktanda er hér átt við eiganda tíkarinnar eða þann aðila sem sannanlega átti rétt til undaneldis á tíkinni þegar þörun fór fram.

*Ræktandi skal vera fullgildur félagsmaður í HRFÍ við umsókn.*

*Ræktandi sem ekki var fullgildur félagsmaður við þörun, greiðir hærra verð fyrir ættbækur gots.*

*Ræktandi sem nýtur ekki réttinda til skráningar gota eða hefur verið vísað úr félaginu tímabundið eða að fullu, fær ekki ættbókarskráningu á got þar sem þörun átti sér stað á viðurlagatíma.*

*Got undan ræktunardýrum sem sættu ræktunarbanni við þörun, verða ekki skráð síðar í ættbók, jafnvel þótt ræktunarbanni verði aflétt.*



## Kafli II – rök fyrir viðbót

- Reglur HRFÍ um ræktun ss. grundvallareglur félagsmanna ná einungis til félagsmanna og getur HRFÍ ekki framfylgt þeim gagnvart utanfélagsmönnum nema að mjög litlu leiti.
- Í dag er því hægt að fara fram hjá lágmarksreglum um ræktun með því að standa utan félagsins en fá samt viðurkenndar FCI ættbækur gefnar út á got hjá HRFÍ.
- Þannig hafa aðilar sem t.d. vikið hefur verið úr félaginu getað haldið áfram ræktun sem utanfélagsmenn og þannig fengið gefnar út ættbækur. Brottvikning vegna brota á reglum hefur því í raun lítið að segja eins og regluverkið er í dag.
- Með breytingunni verður meginreglan sú að eigendur tíka sem skrá got séu félagsmenn og að þeir hafi gengist undir reglur félagsins.





## Kafli III - viðbót

Í kafla III. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsbækur, bætist við fyrstu málsgrein eftirfarandi (viðbót skásett og feitletruð):

Innflutt undaneldisdýr í eigu aðila með búsetu á Íslandi verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð.

*Innflutt undaneldisdýr í eigu erlends aðila, þ.m.t. dýr í leigusamningi, verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Ræktunardýr á láns-/leigusamningi telst vera í eigu leigutaka í skilningi þessara reglna á meðan á láns-/leigutíma stendur skv. samningi við skráðan erlendan eiganda sem framvísa skal til félagsins.*



## Kafli III. – rök fyrir viðbót

- Eins og er taka reglur um skráningu í ættbók ekki til láns eða leiguhunda og vantaði því í regluverkið.
- Því er þessu bætt við regluverkið nú til að það endurspegli betur þá starfsemi sem fram fer innan ramma félagsins.



## Kafli IV. Bann við notkun hunda með útilokandi galla

- Stjórn samþykkti að bæta við VI. kafla reglugerðinnar, eftirfarandi texta varðandi hunda með útilokandi galla:
- ***Ekki má nota hunda sem eru með útilokandi galla til ræktunar, svo sem ódæmigerða skapgerð, meðfætt heyrnarleysi eða blindu, skarð í vör, klofinn góm, stórvægilega tanngalla og afbrigðilega kjálka, arfgenga vaxandi sjónhimmurýrnun (PRA), flogaveiki, eistnaleysi eða eitt eista, mjaðmalos (e. severe/E dysplasia) sem og hunda sem eru albínóar eða af óleyfilegum lit samkvæmt ræktunarmarkmiði tegundar.***





## Kafli VI. – rök fyrir viðbótum

- Reglugerð um skráningu í ættbók fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru til aðildarfélaga í alþjóðlegum ræktunarreglum FCI (e. International Breeding Rules of the FCI) og viðmiða FCI um almennar og tegundabundnar reglur (e. FCI General and Breed-Specific Guidelines).
- Vísindanefnd sendi tillögur til stjórnar um breytingar á reglunum enda er um að ræða lágmarkskröfur sem gilda í öllum FCI aðildarfélögum.
- Reglurnar munu taka gildi 1. maí 2017.



## Kafli IV. Bann við pörun tveggja merle - hunda

- Stjórn samþykkti ennfremur tillögu að bæta við VI. kafla reglugerðarinnar eftirfarandi texta varðandi pörun tveggja merle-hunda:
- ***Bannað er að para saman tvo merle-hunda. Afkvæmi þeirra fást ekki skráð í ættbók.***



## Kafli VI. – rök fyrir viðbótum

- Reglugerð um skráningu í ættbók fullnægir ekki kröfum sem gerðar eru til aðildarféлага í alþjóðlegum ræktunarreglum FCI (e. International Breeding Rules of the FCI) og viðmiða FCI um almennar og tegundabundnar reglur (e. FCI General and Breed-Specific Guidelines).
- Vísindanefnd sendi tillögur til stjórnar um breytingar á reglunum og má sjá hér sama ákvæði úr reglum FCI.
  - FCI GENERAL AND BREED-SPECIFIC GUIDELINES: COLOUR: Never breed Merle to Merle –  $\frac{1}{4}$  will be homozygote for lethal/health defects, such as deafness.
- Reglurnar munu taka gildi 1. maí 2017.